

Mál nr. 411/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.****Orsakatengsl vegna líkamstjóns í umferðaróhappi 21.5.2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 15.12.2017.

Bréf V, dags. 8.1.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti V um umferðaróhapp með tjónstilkynningu dags. 28.5.2014 og líkamstjón með tjónstilkynningu dags. 11.9.2014. Þar kemur fram að M hafi ekið bifhjóli sem öðru bifhjóli var ekið á. Í tjónstilkynningu dags. 11.9.2014 kemur fram að M finni fyrir einkennum í öxl, mjöðm og baki og síðar sama mánaðar fer hann til skoðunar hjá heilsugæslulækni vegna einkenna sem hann rekur til umferðaróhappsins. M lendir síðan í öðrum slysum 1. nóvember 2014 og í nóvember 2017. Í málinu liggur fyrir læknisvottorð frá heilsugæslu og frá sérfræðingi sem M leitaði til á árinu 2017.

M telur að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem þurfi að meta sérstaklega og vísar til þess að læknisfræðileg gögn málsins sýni fram á það. Ástæða þess að hann hafi ekki leitað strax til læknis eftir óhappið hefði verið sú að hann hefði ætlað að reyna að takast á við áverka sjálfur. M telur að sýnt sé fram á orsakatengsl milli óþæginda hans og óhappsins 21.5.2015 með ofangreindum læknisfræðilegu gögnum.

V telur að ekki sé sannað að hægt sé að rekja óþægindi M í dag til umferðaróhappsins 21.5.2014. Það hafi liðið um fjórir mánuðir á árinu 2014 frá óhappinu þar til M hafi leitað læknis og síðan hafi liðið um þrjú ár þar til hann hafi leitað aftur læknis vegna óþæginda sem hann rekur til þess og þess á milli hafi M lent í tveimur öðrum slysum. Einnig vísar V til dómaframkvæmdar.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón vegna áreksturs 21.5.2014. Meta verður öll gögn málsins í heild en fyrir liggur að læknisheimsóknir M vegna óþæginda sem hann rekur til óhappsins áttu sér ekki stað fyrr en fyrst um fjórum mánuðum eftir atvikið og voru eftir það aftur um þremur árum síðar. Í ljósi þess að M hefur lent í tveimur öðrum slysum og ekki er ljóst hvort önnur atvik eða fyrra heilsufar hafi áhrif á þau óþægindi sem hann hefur nú. Í ljósi þess að almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjónþoli beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem er í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.